

Ed.

897. Frumvarp til laga

[70. mál]

um tóbaksvarnir.

(Eftir 2. umr. í Ed., 14. maí.)

Samhljóða þskj. 750 með þessum breytingum:

8. gr. hljóðar svo:

- 8.1. Tóbak má ekki selja einstaklingum yngri en 16 ára.
- 8.2. Bannað er að selja tóbak úr sjálfsölum.
- 8.3. Ekki má selja tóbak í skólum eða stofnunum fyrir börn og unglinga.

10. gr. hljóðar svo:

- 10.1. Tóbaksreykingar eru óheimilar:
 1. Í grunnskólum, dagvistun barna og húsakynnum sem eru fyrst og fremst ætluð börnum og unglingum yngri en 16 ára til félags- og tómstundastarfa.
 2. Á opinberum samkomum innanhúss fyrir börn eða unglinga hafi börn innan 16 ára aldurs aðgang að þeim.
 3. Í heilsugæslustöðvum.
- 10.2. Yfirmanni stofnunar, skv. 1. og 3. mgr., er þó heimilt samkvæmt tillögu starfsmannafundar eða starfsmannaráðs að leyfa reykingar í hluta þess húsnæðis sem ætlað er starfsfólki sérstaklega, enda skal þess gætt að það valdi ekki óþægindum þeim starfsmönnum sem ekki reykja.
- 10.3. Á sjúkrahúsum má einungis leyfa reykingar á tilteknum stöðum þar sem þær eru ekki til óþæginda fyrir þá sem reykja ekki.

17. gr. hljóðar svo:

- 17.1. Heilbrigðisnefndir, undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins, hafa eftirlit með útsölustöðum tóbaks og fylgjast með því í umdæmi sínu að virt séu ákvæði II. kafla laga þessara um merkingar, auglýsingar og sölu tóbaks.
 - 17.2. Nú er brotið gegn ákvæðum II. kafla og ekki farið að fyrirmælum heilbrigðisnefndar og getur nefndin þá beitt sömu úrræðum og talin eru upp í 27. gr. laga nr. 50/1981.
18. gr. hljóðar svo:
- 18.1. Heilbrigðisnefndir og Vinnueftirlit ríkisins fylgjast með því eftir því sem við á að virt séu ákvæði III. kafla laga þessara og skal þá farið skv. ákvæðum laga nr. 50/1981 og l. nr. 46/1980.